



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/1916
komudagur 19.4.2004

Reykjavík 15. apríl 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, 754. mál, breytt eignarhald.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, 754. mál, breytt eignarhald.

Vegna breytinga á eignarhaldi Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er eðlilegt að gerðar verði breytingar á þeim lögum þar sem kveðið er á um þátttöku ríkisins í eignarhaldi á verksmiðjunni og þeim samningum sem um hana gilda. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að nokkrir hluthafar hafi ekki viljað una innlausnarverði því sem Elkem bauð og skotið málinu til dómkvaddra matsmanna. Ekki kemur fram hvort því máli sé lokið, en ASÍ telur rétt að haft verði í huga, að umræddar breytingar raski ekki stöðu viðkomandi mála.

ASÍ gerir ekki athugasemd við afgreiðslu þessa frumvarps að öðru leiti.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson
Framkvæmdastjóri ASÍ